

# Tvítýngisorðabækur - samskiptabækur

Í tvítýngdum samskiptabókum eru myndir af barninu sjálfu í daglegu starfi þar sem leitast er við að taka myndir af barninu í aðstæðum þar sem því líður vel. Við myndina er skrifað í




stuttu máli á íslensku hvað barnið er að gera og í samstarfi við foreldra er sami texti skrifaður á móðurmálinu líka. Margar leiðir er hægt að fara við gerð slíkra bóka Hægt er að nýta stílabækur, [Ljáðu mér orð](#) eða gera rafræna bók. Mikilvægt er að hafa verkefnið sem viðráðanlegast og einfalt er að setja 3-5 myndir á viku. Tvítýngdar samskiptabækur eru hagnýt leið til að auka orðaforða og stuðla að virku tvítýngi, þ.e. að barnið viðhaldið og eflir

móðurmál sitt um leið og það nær tökum á íslensku sem öðru máli. Þá eru bækurnar öflugt verkfæri fyrir foreldra til að eignast raunverulega hlutdeild í leikskólagöngu barnsins og auðveldar þeim að skilja betur það starf sem fram fer í leikskólanum.



Þá hefur sýnt sig að bækurnar:

- Auðvelda aðlögun og leikskólabyrjun
- Auðveldar aðgengi að íslensku sem öðru máli fyrir barn og foreldra
- Auðveldar kennslu orðaforða á íslensku og móðurmáli og brúar bilið á milli tungumála
- Byggir upp virðingu fyrir tungumálum barna
- Styrkir sjálfmynd barna
- Auðveldar samskipti við foreldra
- Góð æfing fyrir örvun ritmáls og læsis á báðum/öllum tungumálum barnsins.



Eftir fundinn sem ég átti með leikskólastarfsfólkinu þar sem ég sagði frá því hvernig dóttur minni leið í aðlöguninni þá fór allt að verða betra. Hún byrjaði að tala meira um börnin heima og við byrjuðum að gera bók með myndum af dóttur minni í leikskólanum sem kom heim með henni. Við vorum líka að setja myndir að heiman í bókina og allt var í þessari bók. Við skrifuðum í hana á okkar tungumáli og það var líka á íslensku og það var mjög gott að geta talað heima um það sem var að gerast í leikskólanum. Sem foreldri veistu nefnilega ekki hvað er að gerast í leikskólanum en þú hefur svo mikinn áhuga.

Úr viðtali við móður eftir aðlögun í íslenskan leikskóla,  
þýðing úr ensku FBJ



**Chú äy vè nhà với trè em để thãm chơi cuối tuần.**

**Hann fer í heimsóknir til barnanna yfir heigi.**



**Lulli bangsi**

**Khi em bắt đầu đến mẫu giáo trường cho mượn máy ảnh em mang về nhà để bố mẹ chụp ảnh gia đình và các thứ em yêu thích.**

**Þegar þú byrjar í leikskólanum fær þú lánaða myndavél með þér heim og mamma eða pabbi taka myndir af fjölskyldunni þinni og því sem þér þykir vænt um.**



Okkur í leikskólanum Miðborg langar að kynna fyrir ykkur bók sem heitir Samskiptabókin mín. Þessi bók er skemmtileg leið til að sýna foreldrum hvað börnin þeirra hafa gert í leikskólanum. Við ætlum að taka 1-2 ljósmyndir af barninu ykkar í daglegu starfi í leikskólanum ræða við barnið um það sem gerist á myndunum á íslensku. Við lífum myndirnar í Samskiptabókina og barnið fer svo með hana heim. Biðjið svo barnið ykkar að segja frá atburðum á myndunum á sínu móðurmál og skapið umræður um það sem gerist í leikskólanum. Gott væri ef þið gætuð tekið 1-2 myndir af barninu ykkar í daglegu lífi heima og talað um þær á ykkar móðurmáli. Límið svo myndirnar í bókina. Við biðjum svo barnið ykkar að segja okkur frá atburðunum á myndunum á íslensku.

*Upplýsingar til foreldra úr samskiptabók leikskólans Miðborgar, þýddar á tungumál foreldra eða útskýrðar af túlki*